



Dómsmálaráðuneytið
Skrifstofa réttarfars
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. október 2025
VEL25100020

Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (öryggisráðstafanir)

Vísað er til máls nr. S-184/2025 í samráðsgátt stjórnvalda er varðar frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (öryggisráðstafanir).

Reykjavíkurborg telur umræddar breytingar á almennum hegningarlögum mikilvægar til að færa núverandi löggjöf til nútímalegra horfs. Auk þess verði með framlögðum breytingum tryggt samræmi við þá framkvæmd sem fyrirhuguð er með frumvarpi til laga um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn (mál nr. S-177/2025 í samráðsgátt stjórnvalda).

Hér á eftir fylgir umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (öryggisráðstafanir):

Í frumvarpi til breytinga á almennum hegningarlögum kemur fram í 1. gr. að fyrirhugað sé að 2. mgr. 62. gr. almennra hegningarlaga orðist svo: „*Til öryggisráðstafana teljast öryggisgæsla og vægari öryggisráðstafanir, skv. lögum um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn*“. Að mati Reykjavíkurborgar er mikilvægt að skilgreint sé með skýrum hætti hvað felist í öryggisráðstöfunum, þ.e. öryggisgæslu og vægari öryggisráðstöfunum.

Í frumvarpi til laga um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn sem nú liggur fyrir í samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. S-177/2025) er í 18. gr. að finna ákvæði er varðar öryggisráðstafanir þar sem vísað er í VII. kafla almennra hegningarlaga. Nauðsynlegt að skilgreina nánar hvað felist í öryggisráðstöfun og þá sérstaklega vægari öryggisráðstöfunum. Má sem dæmi nefna að óljóst er hvort úrskurðir um rýmkun falli undir vægari öryggisráðstafanir eða ekki enda er í 2. tl. 18. frumvarpsins einungis vísað til dómsorðs. Þá er í frumvarpinu ekki að finna neina afmörkun á því um hvers konar úrræði sé að ræða og því engin afmörkun á því hvað dómsorð geti kveðið á um. Dæmi eru um að úrskurðarorð, þar sem kveðið er á um rýmkun, hafi verið á þá leið að einstaklingum sé gert að búa í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar en slík búseta er háð ýmsum skilyrðum, t.d. að viðkomandi uppfylli þau skilyrði sem gerð eru varðandi búsetu í húsnæðinu og að staðið sé við greiðslu á húsaleigu. Æskilegt er því að vægari öryggisráðstafanir verði skilgreindar frekar.



Í þessu samhengi er einnig bent á að í frumvarpi til laga um framkvæmd öryggisráðstafana er í mörgum tilvikum vísað til VII. kafla almennra hegningarlaga hvað varðar öryggisráðstafanir en í fyrirhuguðum breytingum á 2. mgr. 62. almennra hegningarlaga er vísað til laga um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn.

Hvað varðar fyrirhugaðar breytingar á 3. mgr. 62. gr. almennra hegningarlaga þá telur Reykjavíkurborg rétt að ítreka það sem fram kemur í umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn. Þar kemur fram að húsnæði á vegum sveitarfélaga sem úthlutað er til fólks á grundvelli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, er heimili fólks og sem heimili nýtur það stjórnarskrárvarinnar verndar, sbr. 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, þar sem fram kemur að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þar fá einstaklingar þá þjónustu sem þeir hafa verið metnir í þörf fyrir og vilja þiggja en Reykjavíkurborg hefur engar heimildir til að skerða frelsi einstaklinga eða hafa eftirlit með þeim. Þá getur Reykjavíkurborg ekki þvingað einstaklinga til að þiggja þá þjónustu sem þeir hafa verið metnir í þörf fyrir, vilji viðkomandi ekki þiggja þjónustuna.

Mikilvægt er að afmarkað sé með skýrum hætti um hvers konar úrræði er að ræða og hvað dómsorð geti kveðið á um, þ.e. að einstaklingar séu dæmdir eða úrskurðaðir til að sæta tilteknum öryggisráðstöfunum, þ.e. öryggisgæslu eða vægari öryggisráðstöfunum, en ekki gert að búa í tilteknu húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg telur mikilvægt að kanna hvort ástæða sé til að endurskoða c-lið 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 þar sem það ákvæði veitir heimild til að falla frá saksókn í þeim tilfellum þegar viðkomandi virðist vera ósakhæfur og því ekki nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum. Með tilkomu frumvarps um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn má ætla að fleiri leiðir komi til greina hvað varðar þau úrræði sem standa til boða. Verði ekki gerðar breytingar á framangreindu ákvæði laga um meðferð sakamála er hætta á að ákveðið tómarúm skapist. Einstaklingar sem æskilegt væri að sættu úrræðum samkvæmt frumvarpi til laga um framkvæmd öryggisráðstafana myndu ekki falla undir þá löggjöf og þau úrræði sem löggjöfin kveður á um myndu því ekki nýtast.

Að lokum vísar Reykjavíkurborg til þess sem fram kemur í umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd öryggisráðstafana samkvæmt dómsúrlausn sem nú liggur fyrir í samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. S-177/2025).

Ef frekari upplýsinga er óskað verða þær góðfúslega veittar.

Virðingarfyllst,
f.h. Reykjavíkurborgar,

Rannveig Einarsdóttir,
sviðsstjóri velferðarsviðs



Reykjavík